

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útvinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilega erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöð.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, og að til lokunar hafi komið, skal greiða fyrir enduropnun kr. 1 573.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 573.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR, GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalin í gjaldskránni eru söluskattur, viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 296 11. júní 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 14. október 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frysstri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frysstri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976:

	Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1.	10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	389.65
2.	24 × 1 lb. blokkfryst	406.15
3.	24 × 450 gr. sérfryst	406.15
4.	6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfr.	406.15
5.	4 × 2.5 kg. sérfryst	406.15
6.	2 × 5 kg. sérfryst	406.15
7.	4 × 7 kg. sérfryst	406.15
8.	1 × 25 lbs. sérfryst	406.15
9.	15 × 200 gr. sérfryst	412.75
10.	í saltlegi	389.65

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. október 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

15. október 1976.

Nr. 370.

G J A L D S K R Á

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með
mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:		
Þyngd 1—200 g	kr.	30.00
Þyngd ½ kg—20 kg	—	70.00
Þyngd 50 kg	—	300.00
Þyngd 4—8 oz	—	30.00
Þyngd 1 lb.—13½ lb.	—	60.00
2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:		
Burðarþol: Allar stærðir	kr.	1 300.00
3. Jafnarma vogir:		
Burðarþol: Allar stærðir	kr.	600.00
4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:		
Burðarþol 10— 100 kg	kr.	700.00
Burðarþol 150— 500 kg	—	900.00
Burðarþol 600— 2 000 kg	—	1 600.00
Burðarþol 3 000—30 000 kg	—	6 000.00
5. Vísavogir: Rafmagnsvogir (tálnavogir):		
Burðarþol 1— 5 kg	kr.	700.00
Burðarþol 10— 25 kg	—	1 000.00
Burðarþol 50— 200 kg	—	1 200.00
Burðarþol 300— 5 000 kg	—	2 500.00
Burðarþol 10 000—30 000 kg	—	6 500.00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	10 500.00